

# Funafréttir



1. Tölublað.

6. Árgangur.

Maí 2001.

Anna Kristín Árnadóttir  
Leifshús  
601 Akureyri

## Skýrsla stjórnar starfsárið 2000.

Stjórn félagsins hélt 9 fundi á starfsárinu og þrisvar var fundað með stjórn Léttis. Aðrir fundir sem einhverjur stjórnarmenn sátu voru 9 talsins og einu sinni var fundað með nefndum félagsins.

Ársþing U.M.S.E. var haldið á Þelamörk 1. apríl og voru fulltrúar Funa þau Anna Kristín, Dilla, Jónsteinn og Rósa. Ársþing L.H. var haldið í Mosfellsbæ 27.-28. október og voru Ármann og Reynir fulltrúar Funa þar. Málefni Melgerðismela voru mikið til umræðu á árinu. Bar þar hæst erfið skuldastaða vegna framkvæmda fyrir LM 1998. Verulega rofaði til í þeim eftirnum í árslok þegar 12 milljónir fengust á fjáraukalögum frá Alþingi. Nægði það til þess að gera upp skuldir í Búnaðarbánkanum, en afborganir af láni í Láanasjóði Landbúnaðarins eru í vanskilum.

Þá var einnig mikið rætt um framtíð Melgerðismela og nú er starfandi nefnd á vegum Funa, Léttis, Hrossaráktarsamtakanna og sveitarstjórnar, sem vinnur að stofnun rekstrarfélags um Melgerðismela. Fulltrúi Funa í þeirri nefnd er Jónsteinn.

Funi átti 40 ára afmæli á árinu og gerðum við okkur dagamun að því tilefni. Við það tækifæri var félagsheimilið okkar nefnt Funaborg. Einnig var farið í útreiðartúr, grillað og svo var slegið upp balli.

Í endaðan maí og byrjun júní tókum við þátt í að þökuleggja nýjan íþróttavöll hjá Samherjum. Var þar verið að efna samning sem gerður var vegna kaupa á eignarhluta beirra í skálanum hér á Melgerðismelum.

Íslandsmót var haldið á melunum í sumar og þurfti að lagfæra völlinn við stóðhestahúsið fyrir það. Fimm knapar frá Funu kepptu á mótinu og nokkrir félagsmenn unnu þar ýmis störf. Mótið verður sjálfsagt lengi í minnum haft vegna þeirra fjölmörgu kæru og klögumála sem þar komu upp. Tap varð af mótinu og taka félögin sem að því stóðu það á sig.

Fyrir landsmótið í sumar leitaði stjórnin tilboða í flutning á keppnishrossum félagsins og sá einnig um að útvega þeim húsaskjól.


Aðeins var fjallað um reiðvegamál á árinu. Samstarfsnefnd sem skipuð var til að vinna tillögur um skipulag reiðvega, lauk vinnu sinni fyrir löngu síðan. Sveitarstjórn fól svo Vegagerðinni að vega og meta þær leiðir sem eru til skoðunar og gera kostnaðaráætlun í framhaldi af því. Þegar Vegagerðin hefur skilað af sér verður vonandi fljótlega hægt að kynna útkomuna fyrir hestamönnum og landeigendum.

Á haustdögum var ákveðið að leigja stóðhestahúsið þegar sýnt var að Hrossaræktarsamtökin hefðu ekki áhuga á að framlengja sinn leigusamning. Hefur nú helmingurinn af húsinu verið leigður þeim Huldu og Ágústi í Samkomugerði. Hefur nú verið týnt til það helsta úr störfum stjórnar á starfsárinu en of langt mál yrði að tíunda allt það sem tekið var fyrir.

## Jarpur.

Þegar Jarpur var hniginn á efri ár, urðum við þess varir, að hann hafði tekið ástfóstri við stóðhryssu. Það er víst, að margir hestar, einkum gamlir reiðhestar, hafa gaman af folöldum, alveg eins og gamlir menn hafa oft yndi af börnum. Við héldum nú að það væru folöldin sem hann sækti til öllu heldur en hryssan, þó að það væri einkum ein stóðhryssa sem hann hélt sig að. En hann átti dálitið erindi við hryssuna, sem okkur varði síst. Einu sinni, þegar stóðið hafði verið rekið heim undir kvíaból, og Jarpur með, því annarsstaðar undi hann sér ekki en þar sem stóðið var, þá lögðumst við sem heim höfðum rekið hrossin undir túngarð þar sem lítið bar á okkur og vorum að horfa á leikinn í fololdunum, sem léku sér dátt. Eftir nokkra stund sjáum við að Jarpur gengur að einni stóðhryssunni og fór þegar að láta vel að henni. Hryssan tók öllum atlótum vel og var auðséð að þau voru góðir kunningjar. Allt í einu leggst Jarpur niður og fer að sjúga hana. Hryssan var lítil, en klárinn stór, og mátti hann því ekki á annan veg að henni komast. Mig minnir að Jarpur væri 18 vетra, þegar þetta komst upp um hann. Eftir þetta skildum við hvernig á því stóð að hann undi sér hvergi nema í stóðinu. Við gátum ekki stillt okkur um að ganga nær, en undir eins og hann varð var við okkur, spratt hann upp og hljóp burt mjög svo sneyptur. Hann skammaðist sín auðsjáanlega fyrir tiltækið, enda saug hann aldrei, ef hann hélt að nokkur maður sæi til sín. Það er víst að hann hafði meðvitund um að þetta væri ekki frjálst. Hann hafði fram eftir allri ævi verið alinn á mjólk og þótti því sopinn góður.

Jón Þórarinsson




## Stjórn Funa 2001.

Formaður:	Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916
Varaformaður:	Bjarni Guðmundsson	Rimasíðu 2	462-5010
Gjaldkeri:	Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum 2	462-4942
Ritari:	Brynjar Skúlason	Hólsgerði	463-1551
Meðstjórnandi:	Stefán Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249
1. varamaður:	Ævar Hreinsson	Munkaþverárstr.4	461-2491
2. varamaður:	Húni Zóphoníasson	Litla-Hamri	463-1216



## Starfsáætlun 2001.

7.-9. júní	Kynbótasýning á Melgerðismelum.
8.-10. júní	Frissa-fríska leikarnir á Akureyri.
15. júní	Kvennareið Funa.
24. júní eða 1. júlí	Messureið Funa.
6.-8. júlí	Opin gæðingakeppni og töltkeppni - Léttir og Funi.
10.-12. ágúst	Félagsferð Funa.
17.-18. ágúst	Bikarmót Norðurlands á Dalvík. (18.-19. ágúst).
25. ágúst	Bæjakeppni Funa á Melgerðismelum.



## Létt grín.

Það var hringt á dyrabjöllunni hjá Palla eitt kvöldið og fyrir utan stóð einn uppáhalds frændi hans og stór hundur með honum. Gjöriði svo vel sagði Palli fagnandi og maðurinn og hundurinn gengu inn í húsið til hans. Meðan Palli og frændinn spjölluðu saman í stofunni elti hundurinn kött Palla þar til hann flyði upp í ljósakrónu, hann át kjötbita sem var á eldhúsborðinu, ruddi niður borðlampa og kom sér loks notalega fyrir í hægindastól.

Það var farið að síga allverulega í Palla þegar frændinn sýndi loks á sér fararsnið og gekk að útidyrunum án þess að kalla á hundinn. “Ætlar þú ekki að taka þessa hundófresku þína með þér?” spurði hann heldur kuldalega. “Átt þú hann ekki?” Hann stóð hérrna við dyrnar þegar ég kom.

## Nefndir Funa starfsárið 2001.

### Mótanefnd:

Gunnar Frímannsson	Snægili 6	sími: 462-2015
Þórhallur Þorvaldsson	Ysta-Gerði	463-1265
Björn Sæmundsson	Eiðsvallagötu 20	462-1854
Björn Þorsteinsson	Brekkugötu 21	462-4198
Ævar Hreinsson	Munkaþverárstræti 4	461-2491

Til vara: Bragi Steingrímsson og Jónsteinn Aðalsteinsson.

### Barna og unglingsaráð:

Anna Rappich	Kristnesi 5	Sími: 463-1108
Hákon Harðarson	Svertingsstöðum 2	462-4942
Erna Sigurgeirs dóttir	Hríshóli	463-1315
Hulda Sigurðardóttir	Samkomugerði 2	463-1294
Guðrún Blöndal	Byggðavegi 111	865-6675

Til vara: Dýrleif Jónsdóttir.

### Ferðanefnd:

Sigríður Bjarnadóttir	Hólsgerði	463-1551
Jóhannes Jóhannesson	Mánahlíð 1	462-5748
Pröstur Jóhannesson	Gilsbakka	463-1360

Til vara: Sigurður Ólafsson.

### Reiðveganefnd:

Ármanн Ólafsson	Litla-Garði	463-1290
Stefán Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249
Sverrir Reynisson	Bringu	463-1242

Til vara: Húni Zóphoníasson.

### Skemmtinefnd:

Eva D. Jóhannesdóttir	Litla-Garði	463-1290
Heimir Gunnarsson	Lerkilundi 31	461-2016
Þorvaldur Hallsson	Ysta-Gerði	463-1265
Guðrún Blöndal	Byggðavegi 111	865-6675
Ármann Ólafsson	Litla-Garði	463-1290

Til vara: Bergþór Ásgrímsson og Sindri Páll Bjarnason.

### Fræðslunefnd:


Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916
Hjörðís Bergsdóttir	Smárahlíð 4g.	462-1342
Rósa Hreinsdóttir	Halldórsstöðum	463-1272

Til vara: Bjarni Guðmundsson.

### Húsnefnd:

Reynir Björgvinsson	Bringu	463-1220
Rósa Hreinsdóttir	Halldórsstöðum	463-1272
Sigríður Jóhannsdóttir	Jórunnarstöðum	463-1317
Auður Hallsdóttir	Tröllagili 14	462-2896
Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum 2	462-4942
Jóna Sigurðardóttir	Bringu	463-1242
Brynjar Skúlason	Hólsgerði	463-1551

Til vara: Anna Kristín Árnadóttir.



Amman var að taka upp kartöflur og fékk barnabörnin sín tvö til að tína þær með sér. Krakkarnir voru ekki vanir þessari vinnu og fóru fljótlega að þreytast. Að lokum sagði stúlkan: "Hvernig í ósköpunum datt þér eiginlega í hug að grafa allar þessar kartöflur?

## Um hólminn.

Ég veit ei hvar hægt er að hleypa á sprett,  
ef hér er ei sjálfsagt að kvika,  
og langt er nú síðan það lögmál var sett,  
að ljótt sé í réttu að hika.

Því skellum á skeið  
á skínandi leið,  
þó skröggnir kalli það þeysireið.

Ef færðin er torveld, þá förum við stillt  
og færustu kaflana sneiðum,  
og förum af baki, þá bratt er og illt,  
og blesaða klárana leiðum.  
Ef skeiðflöt ég finn  
sem framréttta kinn,  
þá fær hún og hófakossinn sinn.

Að komast sem fyrst og að komast sem lengst  
er kapp þess, er langt þarf að fara.  
Nú ætlum við fram. Hver undir það gengst  
mun aldregi skeiðfærið spara,  
og færið er hér,  
svo óvist er,  
hvort annan eins skeiðvöll finnum vér.

Hannes Hafstein

